

Námsáætlun skólaárið 2016-2017

Stærðfræði

Bekkur: 2

Áfangalýsing				
	Áhersla verður lögð á samræðu í stærðfræðivinnunni og að nemendur vinni með áþreifanlega hluti s.s. spil, kubba, talnagrindur, talnalínur og mælitæki. Nemendur þurfa að glíma við verkefni og þrautir þar sem ekki er alltaf augljóst hvaða aðferðir er heppilegast að nota og þeir þurfa að geta dregið ályktanir og útskýrt lausnir sínar. Leitast verður við að tengja stærðfræðina við daglegt líf og reynsluheim nemenda, einni g er stærðfræðin samþætt öðrum námsgreinum eins og kostur er. Reglulega verður unnið með stærðfræði í umhverfinu og þá farið út. Tölvuforrit verða notuð til þjálfunar. Helstu áherslur eru á tölur frá 0 - 100, samlagningu, frádrátt, tugi og einingar, plúsheiti og mínusheiti, talnalínu, tímann, oddatölur og sléttar tölur og að helminga og tvöfalda. Neimendur eiga að þekkja og geta unnið með ýmsis stærðfræðihugtök s.s. hugtökin samlagning, summa, frádráttur, mismunur, sama sem og jafnt og. Reglulega eru kannanir eru lagðar fyrir og nemendur meta námsárangur sinn og vinnusemi með sjálfsmati . Nemendur fá í heimanámi viðfangsefni sem tengjast því efni sem unnið er með í skólanum.			
Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Kennsluefni
ágúst september október	Tölurnar 0-20 Tugur og eining Samlagning og frádráttur Talnalína Tölfræði	að nemendur -rifji upp/læri tölurnar 0-20 -skrifi tölustafi rétt -hafi talnagildi 0-20 á hreinu -æfist í talningu -læri hvað er tugur -læri hvað er eining -geti staðsett tölur í talnahús -átti sig á hvað er að spegla -þjálfist í að leggja saman og draga frá -læri að nýta sér talnalínu í samlagningu og frádrætti -læri að gera tíðnitöflu -læri að skrá og lesa úr súluriti	-útikennsla -ýmsir leikir og þrautir -hlutbundin vinna -verklegrar æfingar -einstaklingsvinna -paravinna -hópavinna -stöðvavinna -tölvuforrit -vasareiknir -samþætt við aðrar námsgreinar -sumir þættir eru þjálfaðir reglulega í krók eða litlum hópum t.d. tíminn -umhverfið notað sem kennslugangn	Sproti 2A Sproti 2B Tíu –tuttugu Vasareiknir 1 <u>Ítarefni:</u> Viltu reyna Eining Í undirdjúpunum kennsluforrit

Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Kennsluefni
nóvember desember	Lengdarmælingar Tölur 0-100 Tímamælingar	að nemendur -mæli lengdir með mismunandi mælitækjum -læri að lesa á reglustiku -læri að þekkja cm og m -átti sig á hvað 1 meter er langur og geti nýtt það til að áætla lengd -þjálfist í samlagningu og frádrætti talna upp í 100 -kunni að nota talnahús með tug og einingu -geti raðað tölum upp í 100 eftir stærð -geti nýtt sér talnalínu -læri hálfan og heilan tíma -geti fært tímann á klukku -geti skrifað réttan tíma á klukku -geti lesið af klukku	-útikennsla -ýmsir leikir og þrautir -hlutbundin vinna -verklegar æfingar -einstaklingsvinna -paravinna -hópavinna -stöðvavinna -tölvuforrit -vasareiknir -samþætt við aðrar námsgreinar -sumir þættir eru þjálfaðir reglulega í krók eða litlum hópum t.d. tíminn -umhverfið notað sem kennslugangn	Sjá að ofan
Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Kennsluefni
janúar febrúar	Tímatal Tvöföldun og helmingun Samhverfa Oddatölur – sléttar tölur Samlagning og frádráttur 0-100 Vinna með tug og einingar Samlagning og frádráttur áframhaldandi vinna upp í 100 Talnalína	að nemendur -læri heiti á dögnum -læri mánaðarheitin -læri hálfan og heilan tíma -geti fært tímann á klukku -geti skrifað réttan tíma á klukku -geti lesið af klukku -kynnist/ læri korter -læri heiti árstíðanna -læri hugtökin tvöföldun og helmingun og geti unnið með þau að tölunni 100 -geti notað og þekkt samhverfu/speglun við raunverulegar aðstæður -viti hvað orðið samhverfa þýði -læri að vinna með samhverfu um spegilás -geti búið til myndir sem eru samhverfar um línu -geti dregið spegilása um myndir	-tímahugtök rædd og þjálfuð í krók og í daglegri vinnu auk samþættingar við bókina Tóta og tíminn -búðarleikur til að æfa tölur -samhverfur samþætt við handmennt	Sjá að ofan

		-þekki muninn á oddatölum og sléttum tölum -læri að leggja saman tug og einingar með því að finna fyrst hvað tugirnir eru margir, síðan hvað einingarnar eru margar og að lokum heildarsummuna -þjálfist í frádrætti talnanna 0-100 með talnalínu og kennslupeningum -auki færni sína í talnavinnu -læri að skipta tveggja stafa tölum upp í tugi og einingar og þjálfist í samlagningu og frádrætti þeirra -læri að bera saman stærðir talna -átti sig á hvað er mælt í cm og hvað er mælt í m -læri að nýta sér talnalínu í samlagningu og frádrætti		
Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Kennsluefni
mars apríl	Flatarmál Unnið með samlagningu og frádrátt að 100 Upprifjun á cm og m í tengslum við mannslíkamann	að nemendur -þjálfist í að skipta tölum upp í tugi og einingar -vinni með tugi og einingar í hundraðreitatóflunni -þjálfist í frádrætti þar sem þarf að fara yfir tug -viti hvað orðið flatarmál þýðir -læri að mæla flatarmál með einföldum hlutum s.s. strokleðri -læri að telja út flatarmál í rúðuneti	-unnið verður með mælingar síðar í tengslum við verkefni um mannslíkamann	Sjá að ofan
Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Kennsluefni
maí	Marghyrningar Hringur Rúmfræðiform	að nemendur -þekki ferhyrning, þríhyrning, fimmhyrning, sexhyrning og hring -kynnist hugtökum sem tengjast rúmfræði t.d. kúla, píramídi, sívalningur, ferstrendingur, teningur		Sjá að ofan

		-læri hugtökin líter og desílíter og vinni með þau		
--	--	--	--	--

Námsgögn
Kennslupeningar, tug-og einingakubbar, sentikubbar, klukkur, form, speglar, talnagrindur, vasareiknir, reglustikur, málbönd, fjölbreytt smádót, stærðfræðispil, tölvuforrit

Námsmat
Kannanir reglulega, sjálfsmat nemenda, frammistöðumat í lykilhæfnipáttum tvisvar yfir veturinn.

Anna Sigrún Rafnsdóttir annas@akmennt.is Margrét Bergmann Tómasdóttir margretberg@akmennt.is

Birt með fyrirvara um breytingar